

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alcoa-Fjarðarál Reyðarfirði Reyðarfjörður

UMHVERFISSTOFNUN


Dags eftirlits	23.5.2014	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Alcoa-Fjarðarál Reyðarfirði	Fulltrúi UST	Eva Dögg Kristinsdóttir
Heimili	Hrauni 1	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5203034210	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Sveinsson Kröyer	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Geir Sigurpáll Hlöðversson	Staðsetning	729651,982 512054,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu ekki fram frávik frá starfsleyfi en þjár athugasemdir voru gerðar við starfsemina. Ein athugasemdin snýr að því að ekki hafa verið tekin sýni frá öllum birgjum súrals. Önnur athugasemdin er vegna mögulegrar reyklosunar vegna umhellingar raflausnar á skautlager. Stofnunin óskar eftir niðurstöðum útblástursmælinga af skautlager m.t.t. flúors og ryks. Þriðja athugasemdin er vegna geymslu úrgangs á lóð, Hraun 9.

Endurbætur í kerskála standa yfir til að bæta afsog og lokun kera. Snyrtilegt var um að lílast í kerskálanum.

Farið var yfir úrgangsmál sem eru í góðum málum. Birgðir af svörtu ryki hafa verið sendar út til endurvinnsluaðila en verið er að leita að endurvinnsluaðila fyrir stálsand og þeytilausn frá víravél í steypuskála.

Framvegis verður tekið á losun PFC í tengslum við losunarbókhald ETS sem skilað er árlega en losunarmörk í grein 2.5 í starfsleyfi felld úr gildi.

Óskað er eftir að yfirlit/ársskýrsla fyrir samráðsfund sé send eftirlitsaðila áður en samráðsfundurinn fer fram.

UMFANG EFTIRLITS

Reglubundið eftirlit fór fram eftir samráðsfund sem haldinn var um morguninn.

Í eftirlitinu var byrjað á að fara yfir daglegan rekstur kera í kerskála en Alcoa Fjarðaál hefur farið í endurbætur á kerlokum og endurskoðun á daglegum rekstri undanfarið. Búið er að skipta út skautburstum og setja hengjur fyrir kerlokur til að auka þéttini kerjanna. Sömuleiðis hefur verið unnið að því að lagfæra beyglaðar kerhillur og jafna afsog milli kera og í síuhúsum. Auk þess hafa regluleg þrif í kerskála og síuhúsum verið aukin. Verið er að mála afsogslagnir frá kerskála í reykhreinsivirkum.

Farið var yfir úrgangsmál.

Gert er grein fyrir magni úrgangs í grænu bókhaldi ár hvert.

Öll kerbrot eru send til Bretlands í sérstökum gámum til endurvinnslu.

Svart ryk frá baðvinnslu. Útflutningur er hafinn til endurvinnsluaðila í Þýskalandi og búið að flytja út þær birgðir sem safnast höfðu upp á meðan á endurskoðun endurvinnsluferilsins stóð (sjá eftirlitsskýrslu frá 10.10.2013).

Grátt ryk frá baðvinnslu er sent til endurvinnsluaðila í Bretlandi.

Um 50 tonn af stálsandi eru geymd í lokuðum gámum á verskmiðjulóðinni og unnið að því að finna hentugt endurnýtingarferli fyrir hann. Áætlað er að mánaðarlega falli til u.p.b. 4 tonn af stálsandinum í verksmiðjunni.

Straumteinar eru nú fluttir til endurvinnsluaðila í Holllandi.

Unnið er að því að finna móttökuaðila fyrir þeytilausn úr víravél og áætlað að uppsafnaðar birgðir hjá verksmiðjunni séu um 120 L.

Umfram raflausn (hvítt ryk) er send út til Bretlands í endurvinnslu.

Þá var rætt um brennistein í súráli. Farið var yfir efnagreiningar á hlutfalli brennisteins í súráli og útreikninga á brennisteinsdíoxíði útfrá þeim. Í efnagreiningu frá febrúar sl, mældist brennisteinn í súráli hærri en vanalega.

Umframagn af raflausn sem tekið er af kerjum í kerskála er nú geymt í keilum á skautlager áður en það er endurunnið í baðhreinsivirkum. Ábending um reyklosun vegna umhellingar á raflausninni barst stofnuninni í byrjun árs. Rekstraraðili hefur látið framkvæma útblástursmælingar úr skautlagernum og fyrirhugar að taka fleiri til að meta reyklosun (flúor og ryk) frá skautlagernum.

Tekið er á losun PFC í losunarbókhaldi vegna gróðurhúsalofttegunda (ETS) og því hafa losunarmörk úr starfsleyfi verið felld úr gildi.

Tilkynnt var um tvær rafmagnstruflanir (24.janúar og 30.apríl) þar sem að reykhreinsiviki slógu út innan við klukkustund. Auk þess var tilkynnt um 2 klst útslátt á austara reykhreinsiviki þann 17.mars sl og skerta virkni í um 2

klst þann 14.maí sl. vegna viðhaldsvinnu.

Ábending um reyk/mistur af og til frá verksmiðjunni barst stofnuninni 20.maí sl. Rætt var um mögulegar ástæður en í ábendingunni kemur ekki fram hvenær umræddur reykur/mistur sást eða frá hvaða hluta verskmiðjunnar hann kemur. Vandamál komu upp með tvöfalt afsog í einum fjórðungi kerskála. Sennileg skýring er að staðbundin mengun úr kerskálum hafi verið sýnileg þegar aðgerðir eins og skaut fóru fram.

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað 30.apríl sl. og ársfjórðungsskýrslu fyrir fjórða ársfjórðung 2013 var skilað 7.mars sl.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við að einungis hafa sýni verið tekin sýni úr súráli frá aðalbirgja súralsins en Sýnatökur úr súráli í lok árs 2013 og febrúar 2014 gáfu til kynna hærra hlutfall brennisteins í súráli en áður. Losun SO₂ frá súráli er engu að síður undir losunarmörkum í starfsleyfi en ástæða er til að fylgjast vel með brennisteinshlutfalli í hverjum farmi af súráli framvegis.

Ábendingar um reyklosun frá umhellingu raflausnar á skautlager hafa borist stofnuninni. Umhverfisstofnun óskar eftir niðurstöðum útblástursmælinga af skautlagernum með t.t. ryks og flúors.

Tveir tankar fullir af vökva voru geymdir á lóð Hraun 9. Ekki var ljóst um hvers konar vökva var að ræða en voru þeir fjarlægðir á geymslusvæði fyrir úrgang innan lóðar, þegar eftirlitið fór fram.

ANNAÐ

Í grein 4.9 starfsleyfi er kveðið á um að rekstraraðili skuli legja fram yfirlit eða ársskýrslu um þau atriði sem fjallað er um í greinum 1.4-1.6, 3.1,3.2,3.4,3.5, 4.1, 4.3-4.5, 5.1 og 5.2. Óskað er eftir að yfirlitið/ársskýrslan sé send eftirlitsaðila áður en fundurinn fer fram.

Reykjavík, 13.08.2014

Halla Einarsdóttir

Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.